



SJÁLFSMATSSKÝRSLA VÍKURSKÓLA 2024-2025

Elín Einarsdóttir og Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir
Skólastjórnendur

Innihald

Inngangur.....	3
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn.....	4
Nemendakönnun 2.-5. bekkur	4
Ánægja af lestri.....	5
Ánægja með skólann.....	5
Vellíðan í skólanum.....	6
Ánægja með matinn í skólanum	6
Umbótaáætlun	6
Nemendakönnun 6.-10. bekkur	7
Virkni nemenda í skólanum.....	8
Líðan og heilsa	9
Skóla og bekkjarandi	10
Opin svör	10
Umbótaáætlun	10
Foreldrakönnun	13
Nám og kennsla	14
Velferð nemenda	14
Aðstaða og þjónusta	15
Foreldrasamstarf	15
Heimastuðningur	16
Opin svör	16
Úmbótaáætlun	16
Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður fyrir Víkurskóla vor 2024.....	16
Íslenska æskulýðsrannsóknin-Niðurstöður fyrir Víkurskóla vor 2025	17
4.-5. bekkur	17
6.-10. bekkur	17
Lesfimi.....	17
Lesskilningur.....	19
Stærðfræði.....	19
Teymi Víkurskóla	19
Uppeldi til ábyrgðar	19

Heilsueflandi skóli.....	19
Stærðfræði	20
Teymiskennsla-Leiðsagnarnám	20
Jóladagskrá og Litlu-Jól	20
Árshátíð Víkurskóla.....	20
Samstarf við Tónskóla Mýrdalshrepps	21
Samstarf við leikskólann Mánaland.....	21
Samstarf við Kötlun UNESCO Geopark.....	22
Skólaþing nemenda	22
Lokaorð	22
Fylgiskjöl	23
Kötlumix.....	23
Drangamix.....	23

Inngangur

Á grundvelli laga um grunnskóla frá árinu 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat sbr 35. og 36. grein laganna:

35. gr. Markmið.

- ☐ Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:
 - a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
 - b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
 - c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
 - d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

■ 36. gr. Innra mat.

- ☐ Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- ☐ Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Sjálfsmat skóla er stöðugt og langtímamiðað og um leið er safnað með kerfisbundnum hætti gögnum um skólastarfið. Sjálfsmat er liður í umbótun, þróun og vexti hvers skóla og forsenda framfara og gæðastarfs. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarfið, í tilfelli Víkurskóla þá er sérstaða skólans sú að hann er heildstæður fámennur skóli sem þjónar börnum úr dreifbýli og þéttbýli.

Í áætlun um innra mat Víkurskóla sem birt er á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir þeim þáttum sem metnir eru yfir skólaárið. Víkurskóli nýtir sér kannanir Skólapúlsins í sjálfsmati skólans og einbeittir sér að þeim niðurstöðum sem þær gefa og settar fram í umbótaáætlunum. Kannanirnar eru lagðar fyrir annað hvert ár og ná til allra nemenda skólans, foreldra og starfsmanna. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir á hvern hátt unnið var úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir á skólaárinu.

Skólaráð Víkurskóla, fjallaði um allar kannanirnar, kynning fór fram í fræðslunefnd Mýrdalshrepps og þær ræddar og rýndar á starfsmannafundi Víkurskóla undir stjórn matsteymis skólans.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Árlega eru lagðar fyrir samræmdar kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður slíkra mælinga gefa vísbendingar um á hvaða leið skólastarfið er og gefa tækifæri til að grípa til úrbóta ef niðurstöður eru ekki ásættanlegar. Þegar niðurstöður eru jákvæðar styrkir það skólasamfélagið í heild sinni og hvetur til áframhaldandi framfara. Í Víkurskóla eru kannanir með vefkerfi Skólapúlsins lagðar fyrir alla hópa annað hvert ár, samanber áætlun um innra mat Víkurskóla 2025-2029. Skólaárið 2024-2025 voru eftirfarandi kannanir lagðar fyrir:

- Nemendakönnun 2. -5. bekkur nóvember 2024
- Nemendakönnun 6.-10. bekkur nóvember 2024
- Foreldrakönnun grunnskóla mars 2025

Niðurstöður þessarar könnunar og eldri kannananna eru aðgengilegar á heimasíðu Víkurskóla, <https://vikurskoli.is/innra-mat/>

Jafnframt má lesa um þær fræðilegu forsendur sem liggja til grundvallar könnunum í inngangi hversrar skýrslu.

Umfjöllun um ofangreindar kannanir verða reifaðar hér fyrir neðan.

Nemendakönnun 2.-5. bekkur

Þessi könnun var lögð fyrir nemendur í október 2024. Um fræðilegan bakgrunn má lesa á bls. 3 í niðurstöðuskýrslu. Svarhlutfall var 88%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Ánægja af lestri
- Ánægja með skólann
- Vellíðan í skólanum
- Ánægja með matinn í skólanum

Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar nánar eins og áður segir á heimasíðu skólans en þar má sjá hvaða og hverskonar spurningar eru lagðar til grundvallar í hverjum þætti. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið og jafnframt breytingu frá síðustu mælingu í skólanum.

Ánægja af lestri

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	4,6	6	-1,6	5,0	1.220	-0,4
1.2. Ánægja af lestri 3.b	5,1	5	-0,6	5,2	1.201	-0,1
1.3. Ánægja af lestri 4.b	5,3	5	-	4,7	1.141	0,6
1.4. Ánægja af lestri 5.b	3,1	7	-	4,5	1.295	-1,4*
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	4,4	23	-0,4	4,8	4.932	-0,4

Ánægja af lestri í þessum árgöngum er svipuð og landsmeðaltal mælir. Dalar örlítið í 3 árgöngum, fer upp í einum árgangi en lækkar marktækt í 5. bekk. Við því var strax brugðist og ef rýnt er í niðurstöður lesfimi mælinga skólaársins sést að nemendur 5. bekkjar bæta sig umtalsvert frá september mælingu fram í maí sl. Jákvæð vinna á bókasafni og aðstoð við val á bókum er örugglega jákvæður áhrifapáttur. Rannsóknir sýna að eftir því sem lesfimi eykst að þá eykst jafnframt lesskilningur og áhugi nemenda af lestri.

Ánægja með skólann

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	4,9	6	-0,2	5,3	1.219	-0,4
2.2. Ánægja með skólann 3.b	5,2	5	-0,3	5,3	1.200	-0,1
2.3. Ánægja með skólann 4.b	4,6	5	-	5,0	1.144	-0,4
2.4. Ánægja með skólann 5.b	3,0	7	-	4,8	1.295	-1,8*
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	4,3	23	-0,6	5,1	4.933	-0,8

Hér má sjá hvernig ánægja nemenda með skólann mælist. Það veldur vonbrigðum að hún mælist í öllum bekkjum undir landsmeðaltali en sýnu verst er niðurstaðan í 5. bekk en sú niðurstaða er marktækt lægri en landsmeðaltal. Strax var gripið til aðgerða varðandi þennan hóp, haldnir markvissir bekkjarsfundir, einstaklingsviðtöl og foreldrar hópsins voru boðaðir á fund og komu í framhaldinu og hjálpuðu til í frímínútum. Jafnframt var til námsráðgjafa skólans. Umsjónarkennar fundu jákvæðar breytingar í hópnum. Þess má líka geta hér að nemendur í 4.-6. bekk voru í stórum samkensluhóp í vetur sem var krefjandi fyrir þau og kennara.

Vellíðan í skólanum

3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan í skólanum 2.b	4,8	6	-1,3	5,3	1.218	-0,5
3.2. Vellíðan í skólanum 3.b	4,9	5	-0,3	5,5	1.204	-0,6
3.3. Vellíðan í skólanum 4.b	5,2	5	-	4,9	1.137	0,3
3.4. Vellíðan í skólanum 5.b	2,9	7	-	4,7	1.295	-1,8*
3.5. Vellíðan í skólanum 2.-5.b	4,3	23	-0,4	5,1	4.929	-0,8

Það kemur ekki á óvart að vellíðan í skólanum mælist á svipuðum nótum og þegar spurt var um ánægju með skólann. Þar aftur sker 5. bekkur sig úr og vísað er til þeirra viðbragða sem gripið var til og rakt er hér að framan.

Ánægja með matinn í skólanum

4. Ánægja með matinn í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Ánægja með matinn í skólanum	78,3%	18/23	-	80,9%	3951/4875	-2,6%

Ánægja með skólamatinn hefur ekki verið mæld fyrir hjá þessum hópi þannig að ekki er til samanburðartala. Nemendur eru þó á svipuðum slóðum og yfir landið. Strákarnir í þessum hópi eru þó ánægðari með matinn en stelpurnar og nemendur í 4. bekk eru 100% ánægð en 5. bekkur er síst ánægður.

Umbótaáætlun

Rýnivinna og umbótaáætlun vegna niðurstaðna á nemendakönnun Skólapúlsins í 2.-5. b bekk haust 2024.

Rýnivinnan fór fram á kennarafundum í nóvember-janúar 2024-25. Eftirfarandi þættir voru sérstaklega ræddir og teknir til skoðunar þar sem þeir komu slakar út miðað við fyrri kannanir. Í ljósi þess, þegar niðurstöður lágu fyrir og útkoma fyrir 5. bekk var m með þeim hætti að sá hópur vék sérstaklega mikið frá landsmeðaltali í öllum þáttum, var strax gripið til sértakra aðgerða fyrir þennan hóp. Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknir frá vori 2024 voru jafnframt í takt við niðurstöður sama árgangs í Skólapúlsinum.

- Bekkjarfundir
- Einstaklingsviðtöl við nemendur
- Fundur með foreldrum
- Kennarafundur með námsráðgjafa

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 2.-5. bekk mælir eftirfarandi þætti:

Ánægja af lestri

Ánægja með skólann

Vellíðan í skólanum

Þáttur	Lýsing/Úrbætur	Tímarammi	Umsjón / Ábyrgð
Ánægja af lestri	Matsþáttur samanstendur af fimm spurningum sem ná til lesturs heima og í skóla. Úrbætur: Nýta til fulls fjölbreyttar kennsluaðferðir. Eiga gott samstarf við foreldra og virkt samtal. Fá áhorf frá kennsluráðgjafa. Leggja áherslu á líðan og tilfinningar nemenda.	Janúar '25-okt '27.	Umsjónakennarar Stjórnendur Sérkennari
Ánægja með skólann	Matsþáttur samanstendur af fjórum spurningum sem ná til hversu gaman og spennandi nemendum finnst skólastarfið vera. Úrbætur: Gefa öllum 10, sýna nemendum hvað vel hefur gengið með samantekt á deginum. Flétta skapandi nám í bóklegar greinar. Vinna markvissar með UTÁ.	Janúar '25-okt '27.	Allir starfsmenn Umsjónakennarar
Vellíðan í skólanum	Matsþáttur samanstendur af fjórum spurningum sem mæla hversu hamingjusöm og örugg nemendur telja sig vera í skólanum. Úrbætur: Gott samstarf og upplýsingaflæði milli kennara og skólaliða með samráðsfundum. Skipulagðir fundir með nemendahópum. Uppeldi til ábyrgðar sýnilegt úti og inni.	Janúar '25-okt '27.	Allir kennarar Stuðningsfulltrúar

Nemendakönnun 6.-10. bekkur

Þessi könnun var lögð fyrir nemendur í október 2024. Um fræðilegan bakgrunn má lesa á bls. 3 í niðurstöðuskýrslu. Svarhlutfall var 100%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Virkni nemenda í skólanum
- Líðan og heilsa
- Skóla- og bekkjaranda
- Opin svör

Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar nánar eins og áður segir á heimasíðu skólans. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið og jafnframt breytingu frá síðustu mælingu í skólanum.

Virknir nemenda í skólanum

1. Virknir nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,1	29	0,1	4,3	5.838	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,1	30	0,2	4,6	5.903	-0,5
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,1	30	0,1	4,7	5.952	-0,6*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,1	30	-0,4	4,3	5.922	-0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,3	30	0,1	4,5	5.899	-0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	3,9	30	-0,1	4,8	5.941	-0,9*
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	48,3%	14/29	-	79,1%	4326/5780	-30,8%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,0 klst.	14	-	0,5 klst.	4.314	-0,5 klst.

Fyrsti hluti þessarar könnunar mælir virkni nemenda. Það má merkja örlitlar jákvæðar breytingar frá fyrri mælingu í 4 þáttum. Hinsvegar mælist áhugi á stærðfræði og trú á eigin getur marktækt lægri en á landsvísu.

Líðan og heilsa

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,4	30	-0,9	4,3	5.881	-0,9*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,4	30	-0,8	4,3	5.869	-0,9*
2.3. Velliðan	3,9	30	-0,8	4,4	5.897	-0,5
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	6	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,4	30	0,9	5,7	5.876	0,7
2.6. Tíðni eineltis	36,7%	11 _{/30}	28,0%	16,3%	1038 _{/5858}	20,4%*
2.7. Staðir eineltis	-	11	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	96,7%	29 _{/30}	-	89,4%	5282 _{/5857}	7,3%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	40,0%	12 _{/30}	-	42,0%	2328 _{/5575}	-2,0%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	0	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	15	-	-	-	-

Annar hluti könnunarinnar mælir líðan og heilsu nemenda. Þar eru nemendur talsvert frá landsmeðaltali. Sjálfsálit nemenda lækkar milli kannana og stjórn á eigin lífi sömuleiðis. Hvað þann þátt varðar þá er sláandi að sjá að stúlkur í hópnum mælast miklu lægri en drengir, en þeir eru á pari miðað við landsmeðaltal. Stúlkunum finnst einnig að þær hafi minni stjórn á eigin lífi en strákar og velliðan stúlkanna mælist lægri. Þegar rýnt er í niðurstöður hvað einelti varðar er kynjamunur áfram mjög áberandi. Strákarnir mælast á pari við landið en stelpurnar langt fyrir ofan meðaltal. Þessi kynjamunur er einnig áberandi þegar spurt er um tíðni eineltis. Strákarnir mælast á svipuðum slóðum og landsmeðaltal gefur til kynna en stúlkurnar langt yfir. Þegar nemendur eru spurðir út í staði eineltis þá er skólalóðin nefnd en jafnframt, netið og aðrir staðir utan skóla.

Skóla og bekkjarandi

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	3,9	30	-0,9	4,8	5.821	-0,9*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,5	29	-0,6	4,8	5.853	-0,3
3.3. Agi í tímum	5,1	29	-0,5	4,8	5.847	0,3
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,4	29	-0,2	4,9	5.814	-0,5
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,5	29	-0,7	4,8	5.822	-0,3

Í þessu hluta er skóla- og bekkjarandi mældur. Þar má sjá að einn þáttur, samsömun við nemendahópinn, skrer sig úr og mælist marktækt undir landsmeðaltali. Nokkur munur er á kynjum í þessum þætti, strákar skora hærra. Aðrir þættir eru á svipuðu róli en nemendum í Víkurskóla finnst meiri agi í kennslustundum en nemendum á landsvísu.

Opin svör

Í opnum svörum nefndu nemendur að það sem væri gott við skólann; Vinir, frímínútur, kennarar, íþróttir, lítill skóli og allir þekkjast. Dæmi um það sem nemendur nefndu að mætti fara betur á var, meiri og betri vinnufrið, meira leiðsagnarnám, engir símar leyfðir, krakkar skildir út undan.

Umbótaáætlun

Tekin var ákvörðun um að vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir vorið 2024 auk niðurstaðna úr Skólápúlslinum þar sem niðurstöðurnar voru um margt samhljóma. Rýnivinnan fór fram á kennarafundum í nóvember-desember 2024. Eftirfarandi þættir voru sérstaklega ræddir og teknir til skoðunar þar sem þeir komu slakar út miðað við fyrri kannanir í framhaldi rýnifundar voru ákveðnir þættir í könnuninni rýndir enn frekar og ræddir við nemendur á unglingastigi.

Umbótaáætlun

Virgni nemenda í skólanum

- a) Þrautseigja í námi
- b) Áhugi á stærðfræði
- c) Trú á eigin námsgetu

Líðan og heilsa

- a) Sjálfsálit
- b) Stjórn á eigin lífi
- c) Einelti
- d) Vellíðan

Skóla- og bekkjarandi

- a) Samsömun við nemendahópinn

b) Virk þátttaka nemenda í tímum

Þáttur	Lýsing/Úrbætur	Tímarammi	Umsjón / Ábyrgð
Þrautseigja í námi	Þessi þáttur er enn á niðurleið miðað við 2 síðustu mælingar. Þrautseigja í námi mælir hversu mikið nemendur leggja sig fram í námi. Úrbætur: a)Útskýra enn betur fyrir nemendum til hvers er ætlað í þeim verkefnum sem unnin eru. b)Vinna með markvissum hætti með hrós í gegnum áform og leiðsagnarhefti c)Vinna með hugmyndafræði vaxandi hugarfars d) Virkara samtal og samstarf við foreldra/forsjáraðila. Regluleg samtöl – fundi. e)Leiðsagnarnám /Hugsandi skólastofa	Janúar '25-okt '27.	Allir kennarar, námsráðgjafi og skólastjórnendur /foreldrar/forráðamenn
Áhugi á stærðfræði	Þessi þáttur vikur umtalsvert frá landsmeðaltali og lækkar milli mælinga. Úrbætur: a)Vinna markvisst með hugtakaskilning, gegnum hugsandi stærðfræði, nemendur þjálfist í að útskýra hvaða leiðir hægt er að velja til að fá rétta útkomu b)Markvissar mælingar á framförum c)Hugmyndafræði hugsandi skólastofu	Janúar '25-okt '27.	Stærðfræðikennarar/ umsjónarkennarar og kennsluráðgjafi
Trú á eigin námsgetu	Þessi þáttur vikur talsvert frá landsmeðaltali og lækkar jafnframt milli mælinga. Þátturinn mælir viðleitni nemandans til að beina hugsunum, tilfinningum, og athöfnum til að uppfylla eigin námsmarkmið.	Janúar '25-okt '27.	Umsjónarkennarar og námsráðgjafi

	Úrbætur: a) Nýta hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar markvisst. Fara reglulega yfir þarfahringinn með nemendum. b) Nýta styrkleika hvers og eins, vinna áhugasviðsverkefni		
Sjálfsálit /Stjórn á eigin lífi	Þessir þættir verða unnir saman. Sá fyrri gefur til kynna hversu mikils virði nemandanum finnst hann vera. Sá seinni segir til um hvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Ýmist af eigin völdum eða umhverfis/annars fólks Úrbætur: a) Vinna í gegnum lífsleikni og samfélagsfræði. b) Fara í ákveðna hluta barnasáttmála Sþ c) Virk samræða við nemendur þar sem lykilhugtök eru skilgreind, s.s. sjálfsálit, þrautseigja, trú á eigin getu	Janúar '25-okt '27.	Umsjónarkennarar/ Námsráðgjafi/ Skólahjúkrunarfræðingur Foreldrar/forráðamenn
Einelti	Einelti er ítrekað neikvætt og óþægilegt áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Einelti fer vaxandi í Víkurskóla miðað við fyrri mælingar og niðurstöður ÍÆ. Úrbætur: a) Ræða opinskátt um samskiptavanda hjá nemendum b) Nýta ART og Uppeldi til ábyrgðar c) Einstaklingsviðtöl og stuðning d) Allir starfsmenn séu mjög meðvitaðir um að einelti er í gangi og grípa þarf inn í	Janúar '25-okt '27.	Allir starfsmenn skólans. Umsjónarkennarar og námsráðgjafi
Vellíðan / Samsömun við nemendahópinn	Þessir þættir eru teknir saman sá fyrri mælir róf tilfinninga ásamt því að mæla jákvæðar tilfinningar. Sá seinni dregur saman viðhorf nemenda til	Janúar '25-okt '27.	Umsjónarkennarar / Námsráðgjafi, Skólahjúkrunarfræðingur foreldrar/forráðamenn

	skólans, metur að hve miklu leyti nemndum þykir þeir tilheyra skólanum og að hann sé staður þar sem þeim líður vel. Úrbætur: a) Vinna einstaklingslega og í smærri hópum nemenda með sjálfsefningu og samtal nemenda b) Bekkjarfundir c) Efla samtal við foreldra og hvetja til virkra foreldrasamvinnu.		
Virk þátttaka nemenda í tímum	Virk þátttaka nemenda í tímum er mæld með fjórum spurningum sem gefa til kynna hversu oft nemendur fá tækifæri til að að tjá skoðanir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið. Úrbætur: a) Vinna enn frekar í anda leiðsagnarnáms. b) Gefa svigrúm til umræðna í námshópum c) Hópastarf þar sem reynir á þátttöku allra í hópnum	Janúar '25-okt '27.	Allir kennarar /umsjónarkennarar

Foreldrakönnun

Þessi könnun var lögð fyrir foreldra/forráðamenn í febrúar 2025. Um fræðilegan bakgrunn má lesa á bls. 3 í niðurstöðuskýrslu. Svarhlutfall var 83,3%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Nám og kennsla
- Velferð nemenda
- Aðstaða og þjónusta
- Foreldrasamstarf
- Heimastuðningur
- Opin svör

Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar nánar eins og áður segir á heimasíðu skólans og eins og í fyrri könnunum er hægt að sjá hvaða spurningar fylgja hverjum þætti. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið og jafnframt breytingu frá síðustu mælingu í skólanum.

Nám og kennsla

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,1	32	0,0	5,1	5.521	0,0
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	81,2%	26/32	-11,7%	91,0%	4527/5023	-9,8%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	83,3%	25/30	-13,0%	80,7%	4304/5315	2,6%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	58,1%	18/31	-31,6%	67,0%	3357/5060	-8,9%

Í þessum hluta Skólapúlsins koma tveir þættir miklu mun lakar út en áður. Sá fyrri lýtur að stjórnun skólans en ánægja með stjórnun lækkar um 11,7 frá síðustu mælingu 2023 og vikur 9,8% frá landsmeðaltali. Seinni þátturinn sem kemur miður út er agi. Hann lækkar um 31,6% milli mælinga og vikur 8,9% frá landsmeðaltali. Það kemur á óvart að nemendur höfðu ekki þessa sögu að segja í sinni mælingu.

Velferð nemenda

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,0	30	0,3	4,8	5.004	0,2
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	96,8%	30/31	3,7%	88,5%	4614/5212	8,3%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	88,2%	30/34	-4,9%	92,0%	5102/5548	-3,8%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	85,3%	29/34	-7,8%	91,2%	5031/5528	-5,9%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	88,2%	30/34	2,0%	90,1%	4952/5489	-1,9%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	15,2%	5/33	8,3%	9,1%	489/5382	6,1%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	85,7%	6/7	-	85,3%	820/950	0,4%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	71,4%	5/7	11,4%	57,9%	501/841	13,5%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	66,7%	4/6	-8,3%	56,4%	472/830	10,3%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	68,2%	15/22	-16,8%	77,2%	2212/2884	-9,0%
2.11. Meðaltímabil eineltis	1,9	7	0,7	1,5	946	0,4
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	7	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	54,5%	18/33	-	44,5%	2481/5344	10,0%

Í öðrum hluta er fjallað um viðhorf foreldra til velferðar nemenda. Ánægjulegt er að sjá að foreldrar eru mjög ánægðir með hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda og jafnframt eru foreldrar mjög ánægðir með úrvinnslu skólans í eineltismálum og hversu hratt þau eru unnin. Foreldrar barna í Víkurskóla eru

einnig mun jákvæðari gagnvart því að símar séu ekki leyfðir í skólanum þættir sem koma slakt út í þessu hluta eru mat á almennri líðan nemenda en hún mælist lægri en á landsvísu sem og líðan nemenda í kennslustundum. Þá eru foreldrar barna í Víkurskóla síður ánægðir með eineltisáætlun skólans.

Aðstaða og þjónusta

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,6	33	-0,2	5,6	5.307	-1,0*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	4,5	28	-1,0	5,2	3.354	-0,7*
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	93,5%	29/31	12,3%	66,6%	3550/5270	26,9%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	2	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með matinn	-	-	-	-	-	-
3.6. Notkun á mat í skólanum	100,0%	32	3,4%	96,3%	5227/5403	3,7%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki matinn	-	-	-	-	-	-

Foreldrar eru síður ánægðir með aðstöðu í skólanum og lækkar þessi þáttur milli mælinga. Þetta kemur á óvart því skólinn tók í notkun húsnæði sem áður hýsti leikskólann sem varð til þess að miklu meira rými er til kennslu og tómstundastarfs frá því sem var. Foreldrar eru síður ánægðir með tómstundaþjónustu skólans frá því sem var við síðustu mælingu.

Foreldrasamstarf

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,3	31	-0,7	4,7	5.122	0,6*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	63,3%	19/30	-20,0%	55,4%	2413/4251	7,9%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	70,4%	19/27	-17,1%	66,2%	2369/3532	4,2%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,9%	31/32	-3,1%	93,3%	4798/5138	3,6%
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	33	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	42,9%	12/28	-18,6%	53,6%	2408/4507	-10,7%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	85,2%	23/27	-10,3%	87,5%	3480/4006	-2,3%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	78,8%	26/33	-0,5%	77,4%	3860/4943	1,4%
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	74,2%	23/31	1,8%	70,4%	3815/5389	3,8%

Foreldrar eru almennt ánægðir með frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi miðað við landsmeðaltal. Þá voru foreldrar ánægðir með síðasta foreldraviðtal. Foreldrar eru lýka ánægðir með upplýsingar um

stefnu skólans og námsskrá. Í þessu hluta lækka þættir milli mælinga eins og áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur og hvort leitað sé eftir tillögum og ábendingum frá foreldrum og þær teknar til greina. Þessir þættir eru samt sem áður töluvert yfir landsmeðaltali.

Heimastuðningur

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,3	33	-0,6	4,9	5.289	-0,6
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,4	34	0,4	4,5	5.271	-0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	79,3%	23/29	-12,7%	73,3%	3743/5076	6,0%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	55,6%	15/27	5,6%	55,1%	2756/5042	0,5%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	60,9%	14/23	4,4%	76,9%	3129/4178	-16,0%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	17,4%	4/23	-13,0%	13,6%	607/4178	3,8%

Í síðasta hlutanum er spurt út virkni foreldra í námi barna sinna sá þáttur lækkar og er undir landsmeðaltali, væntingar foreldra um iðnnám lækka milli mælinga en eru hinsvegar umtalsvert hærri en landsmeðaltal sýnir. Væntingar foreldra um háskólanám hækka milli mælinga en eru enn talsvert frá landsmeðaltali.

Opin svör

Dæmi um það sem foreldra töldu jákvætt við skólann var gott og metnaðarfullt starfsfólk og stjórnendur, virk upplýsingagjöf, velferð nemenda höfð í fyrrúmi, gott viðmót. Dæmi um það sem foreldrar töldu að betur mætti fara var t.d. að betur væri tekið á agavandamálum, meiri og betri eftirfylgd í aga og/eða eineltismálum, þagnarskylda sé virt, einhæfur matur og faglegra starf í frístund.

Úmbótaáætlun

Ekki hefur verið unnin umbótaáætlun fyrir þessa könnun Skólapúlsins en verður gerð í upphafi nýs skólaárs.

Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður fyrir Víkurskóla vor 2024

Nemendur í 4.- 10. bekk Víkurskóla tóku á vorönn 2024 þátt í rannsókn á vegum Menntavísindastofnun. Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um viðhorf barna og ungs fólks til ýmissa þátta sem snúa að farsæld þeirra.

- Menntun
- Lífsgæðum og félagslegri stöðu
- Heilsu og vellíðan

- Öryggi og vernd
- Þátttöku í íþróttta-og samfélagsstarfi og félagslegum tengslum.

Mjög dróst að fá þessa skýrslu og við frágang síðustu sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2023-2024 lágu niðurstöður ekki fyrir. Þær hinsvegar bárust skólanum haustið 2024 og voru niðurstöður nýttar í þágu skólastarfsins. Niðurstöður ÍÆ og niðurstöður Skólapúlssins voru lagðar til grundvallar þegar útbúin var umbótaáætlun út frá niðurstöðum þessara mælinga, þar sem þessar tvær kannanir voru um margt samhljóða.

Íslenska æskulýðsrannsóknin-Niðurstöður fyrir Víkurskóla vor 2025

Niðurstöður úr ÍÆ bárust skólanum um miðjan júní sl. Þær hafa því ekki verið rýndar til gagns í skólasamfélaginu. Niðurstöður gefa til kynna mjög jákvæða breytingu milli ára og leiða má líkur að því að sú mikla vinna sem umsjónarkennarar, nemendur og allt starfsfólks skólans fóru í sl haust við að snúa við neikvæðum niðurstöðum frá vori 2024 og Skólapúlssi október 2024 hefur skilað sér að ógleymdu góðu samstarfi við foreldra. Sjá jafnframt umbótaáætlanir hér að framan. Könnunin mælir viðhorf barna í 4.-5. bekk annars vegar og 6.-10. bekk hinsvegar.

Hér eru örfá jákvæð dæmi um niðurstöður. Helstu áskoranir virðast í fljótu bragði liggja í að efla jákvætt viðhorf nemenda gagnvart lestri, einkum lestri heimavið. Skýrslan mun síðar verða kynnt foreldrum og öðrum er málið varðar.

4.-5. bekkur

94% nemenda finnst mikilvægt að leggja sig fram í námi var 2024, 79%

78% nemenda finnst skemmtilegt eða frekar skemmtilegt að lesa í skólanum, var 2024 58%

89% nemenda finnst gaman í skólanum var 2024, 58%

6% nemenda segjast vera oft þreytt í skólanum var 2024, 35%

6.-10. bekkur

19 % nemenda telja sig eiga erfitt með svefn var 2024, 57%

98% nemenda líður vel í frímínútum var 2024 90%

83% segjast geta leitað til fullorðins aðila í skólanum vegna vanlíða var 2024, 44%

8% segjast vera einmana í skólanum var 2024, 20%

Lesfimi

Í Víkurskóla hafa lesfimiþróf Menntamálastofnunar verið lögð fyrir um nokkura ára skeið. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða og lestrarnákvæmni. Rannsóknir sýna að tengsl milli lesfimi og lesskilnings eru sterk. Mikil áhersla hefur verið á að bæta lesfimi nemenda og skólinn hefur verið með markvissar aðgerðir í skólanum og í samstarfi við heimilin. Lesfimin er mæld þrisvar yfir skólaárið. Þar sem Víkurskóli er mjög fámennur og í sumum árgöngum mjög fá

börn þá er ekki hægt að birta niðurstöður og framgang myndrænt.

Lesfimiþrófið metur fyrst og fremst sjálfvirkni og nákvæmni eða flæði við lestur eins og kemur skýrt fram í fyrirmælum til nemenda þegar matið er lagt fyrir („Lestu eins hratt og vel og þú getur“). Orðið „vel“ vísar hér til lestrarnákvæmni þar sem hún, ásamt lesnum orðum á mínútu, liggur til grundvallar útreikningum á frammistöðu nemenda. Upplýsingar um sjálfvirkni umskráningar eru mjög mikilvægar en sjálfvirknin er ein af meginforsendum þess að lesari geti einbeitt sér að innihaldi texta og skilið hann. Áhersla á að nemendur nái sjálfvirkni við umskráningu er því ekki úr lausu lofti gripin og mikilvægt að stefna að því að allir nemendur, sem til þess hafa forsendur, nái lestrarhraða sem er í grennd við viðmið 2 í öllum árgöngum eins og MMS setur þau fram.

Víkurskóli mælir lesfimi þrisvar sinnum á ári, september, janúar og maí. Úr niðurstöðum mælinga má lesa að Víkurskóli raðast undir landsmeðaltali í ákveðnum bekkjum en á og yfir landsmeðaltali í öðrum bekkjum í öllum þremur mælingum skólaárins.

Merkja má framfarir milli september og maí mælinga skólans.

Viðmið MMS eru:

- 10%undir viðmiði 1, hér eftir V1,
- 40%milli V1-V2,
- 25% milli V2-V3 og
- 25% yfir V3.
-

Niðurstöður Víkurskóla í maí 2025 eru eftirfarandi:

- **29,7% undir V1,** (vor 2024 38%)
- **37,5% milli V1-V2,** (vor 2024 44%)
- **15,6% milli V2-V3** (vor 2024 5%)
- **17% yfir V3** (vor 2024 13%)

Þessar niðurstöður sýna okkur að nemendur Víkurskóla sýna jákvæða marktæka bætingu milli ára enda mikið kapp verið lagt í lestrarkennslu og þjálfun. Þess má einnig geta að allir nemendur Víkurskóla þreyta lesfimiþróf óháð erfiðleikum tengdum lestri sem er ekki raunin á landsvísu.

Víkurskóli er enn 19% yfir settu viðmiði í V1 sem sýnir okkur að of mörg börn í Víkurskóla glíma við erfiðleika við umskráningu og hafa ekki tök á sjónrænum orðaforða eða orðmyndum.

Sú lestrarvinna sem fram fer í skóla og á heimili skilar nemendum jöfnum og góðum framförum svo betur má ef duga skal. Markmið Víkurskóla er að árangur nemenda sé á pari við landsmeðaltal.

Lesskilningur

Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir tvisvar yfir skólárið í 3.-8. bekk. Prófið gefur vísbendingar um hvar nemendur standa í lesskilningi og sýnir framfarir á milli ára. Viðmið Víkurskóla er að niðurstöður seinna prófs sýni að fleiri en 70% nemenda í árgangi raðist í flokkinn meðal eða gott og færri en 10% nemenda í árgangi raðist í mjög slakt. '

Þar sem nemendur Víkurskóla eru fáir og mjög fáir og sumum árgöngum er ekki hægt að birta niðurstöður með myndrænum hætti. Mælingar skólaársins sína ásættanlegan árangur og viðmiðum skólans var vel náð. Nemendum fjölga í flokkum meðal og gott. En þess má einnig geta að lesfimi og lesskilningur haldast í hendur en fjölgun um tæp 10% er í flokknum milli viðmiða 2-3 meðal nemenda samkvæmt MMS staðli.

Nemendur sem mælast með mjög slakan árangur á Orðarún fá eftirfylgd með tímasettri áætlun. Sú mikla vinna sem fram fer í lesfimi skilar nemendum aukinni færni í lesskilningi.

Stærðfræði

Til að skima kunnáttu nemenda í stærðfræði er notað staðlaða mælitækið Talnalykill sem mælir kunnáttu nemenda í námsefni 1.-7. bekkjar. Viðmið skólans er að 70% nemenda ná mælitölu yfir 85 stig. Þeir nemendur sem hafa heildartölu 85 eða lægri halda áfram á þrep II og III. Nemandi sem lýkur þriðja þrepi með mælitölu 85 eða lægri er líklegur til að þurfa sértækan stuðning í stærðfræði.

Skólaárið 2024-2025 tóku nemendur í 4.-7. bekk talnalykilsskimun og ljóst er að 50% fara áfram á þrep II.

Teymi Víkurskóla

Skólaárið 2024-2025 störfuðu 3 teymi innan skólans fyrir utan matsteymi skólans. Teymi um Uppeldi til ábyrgðar sem mótar tillögður fyrir skólaárið um hvaða viðfangsefni unnið er að og teymi um Heilsueflandi skóla sem er verkefni unnið í samstarfi við Landlæknisembættið og teymi um stærðfræðikennslu.

Uppeldi til ábyrgðar

Teymið hittist nokkrum sinnum yfir skólárið, lagði línur yfir þær áherslur sem unnar voru í bekkjum og kom með innlegg á starfsmannafundi. Teymið skilaði skýrslu í lok skólaársins auk þess að gera áætlun sem unnið er með í hverjum hópi yfir veturinn framvegis.

Heilsueflandi skóli

Teymi um Heilsueflandi skóla hittist formlega tvisvar yfir skólaárið og vann eftir áherslum Heilsustefnu Víkurskóla. Heilsustefnan var endurskoðuð vorið 2025. Nýjir gátlistar voru uppfærðir nú á vordögum 2025. Jafnframt var unnið að því að gera verkefnið sýnilegt innan veggja skólans og vekja athygli á því með reglulegum hætti á heimasíðu skólans. Úti- og

hreyfinám hefur fest sig í sessi í skólanum og má leiða líkum að því að þátttaka skólans í verkefni Landlæknisembættisins, Heilsueflandi skóli, hafi sannarlega haft sitt að segja við.

Stærðfræði

Teymi um stærðfræðikennslu kom saman haust og vor og fór yfir áherslur í hverjum námshópi. Janframt er hlutverk teymisins að rýna í niðurstöður skimana. Ennfremur að standa fyrir uppbroti í stærðfræðikennslunni þvert á aldur, 1-2 á hvorri önn, haust og vor.

Teymiskennsla-Leiðsagnarnám

Í vetur var áfram unnið að innleiðingu teymiskennslu og leiðsagnarnáms í skólanum. Á elsta stigi var áfram unnið með svokallað Kötlumix og í 4.-6. bekk Drangamix. Í viðhengi fylgja skýrslur vetrarins um þessi tvö verkefni. Heilt yfir gengu þessi verkefni vel og munu þau verða þróuð áfram á næsta skólaári.

Jóladagskrá og Litlu-Jól

Ár hvert er sett upp dagskrá í aðdraganda jólaleyfis nemenda sem nær hápunkti á Litlu-Jólum skólans. Á starfsdegi í upphafi skólaárs rýndu starfsmenn hvernig til hefði tekist við þennan hluta skólastarfsins og er sú rýni nýtt á komandi skólaári.

Árshátíð Víkurskóla

Einn af hápunktum skólaársins er árshátíð skólans. Mikil vinna og undirbúningur liggur að baki slíku verkefni. Að þessu sinni var ráðist í að setja upp hið þekktu leik- og söngverk, Kardimommubæinn. Árshátíðarvinnan og afrakstur hennar var rýnd á starfsmannafundi í byrjun júní sl. Þær niðurstöður munu nýtast við undirbúning næstu árshátíðar. Eins og ákveðið var í kjölfar rýnivinnu á árshátíð 2024 þá var ráðist í að taka vinnu nemenda við árshátíðina inn í formlegt námsmat, sett voru fram valin hæfniviðmið. Nemendur í 5.-10. bekk unnu jafnframt leiðsagnarhefti þar sem nemendur og kennarar fylltu inn í og svo unnu nemendur stutt sjálfsmat. Uppsetning árshátíðarverkefnis kemur inn á mjög mörg svið í aðalnámskrá grunnskóla. Árshátíð skólans tókst mjög vel og nemendum og starfsfólki til mikils sóma.

HÆFNIVIÐMIÐ

1. Skapað leikþátt í félagi við aðra með skýrum persónum og framvindu. 2. Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.	Nem.	Ken.	Skráð í mentor:
Ég nota röddina á mismunandi vegu (t.d. hækka/lækka tón, breyta hraða).			
Ég vinn í takt við leikfélag á sviði (t.d. talar ekki yfir aðra, bregst við rétt í samræðum).			
3. Skapað skýra leikpersónu með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.			
Ég skapa trúverðuga persónu með líkamstjáningu og raddbeitingu.			
Ég sýni tilfinningar með svipbrigðum og líkamsbeitingu.			
4. Unnið með öðrum og tekið þátt á jákæðan hátt í samskiptum og lagt sitt að mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.			
Ég hlusta á aðra í hópnun og virðir hugmyndir samnemenda.			
Ég hjálpa við æfingar og sýni áhuga á samvinnu.			
Ég hvet aðra með hrósi og jákvæðum athugasemdum.			

SJÁLFSMAT

Hvað gekk vel?

Hvað hefði ég getað gert betur?

Mitt markmið fyrir næstu árshátíð og hvernig ætla ég að ná því?

Samstarf við Tónskóla Mýrdalshrepps

Samstarf tónskólans hélt áfram á skólaárinu. Stjórnendur hittust í upphafi skólaárs og í lok þess þar sem farið var yfir starfið. Samstarfið var jafnframt rýnt á kennarfundum í desember og apríl og stjórnendur hittust í byrjun júní sl. þar sem gerð var áætlun um samstarf næsta skólaárs. Heilt yfir gekk starfið á skólaárinu vel. Tónskólinn bauð fram krafta sína með því að koma inn í vikulega söngstund í 1.-6. bekk og hljóðfærasmíðjur í 4.-6. bekk í tveimur lotum yfir skólaárið. Janframt var boðið upp á valgrein á unglingastigi í tónsmíðum. Nemendur á unglingastigi gátu tekið 2 stundir í töflu í vali ef þeir voru skráðir í fullt nám í tónskólanum.

Það er afar jákvætt að markvisst samstarf við tónskólann er að festa sig í sessi.

Samstarf við leikskólann Mánaland

Samstarfsáætlun við leikskólann var endurskoðuð í upphafi skólaárs og gerðar smávægilegar breytingar. Áætlunin er birt á heimasíðum skólanna. Samstarfið var rýnt á fundi stjórnenda skólanna og verður jafnframt fundur haustið 2025.

Þá bauð leikskólinn nemendum á unglingastigi í starfsnám á þriðju valönn skólans. Það samstarf gekk afar vel og verður framhald á.

Skólinn hefur um nokkurra ára skeið verið einn af jarðvangsskólum Kötlu Geopark. Víkurskóli og jarðvangurinn hafa unnið að sameiginlegu verkefni sem felst í rannsókn á strandlínu Víkurfjörðu.

Samstarf við Kötlu Unesco Geopark

Samstarf við jarðvanginn á sér orðið þó nokkurra ára sögu í skólanum. Frá árinu 2016 hefur skólinn verið svokallaður Geo skóli. Samstarfið varð enn markvissara eftir að skólinn í samstarfi við jarðvanginn fékk styrk úr Sprotasjóði 2021 og hlaut svo Menntaverðlaun Suðurlands 2023 í febrúar 2024. Strandlínuverkefnið hefur víða vakið athygli sem áhugavert verkefni þar sem vísinda- og skólastarf er samþætt. Í vetur hafa nemendur tekið þátt í mælingum á landrofi í Víkurfjöru og einnig hafa nemendum á unglingastigi staðið til boða val á fyrstu og þriðju önn þar sem unnið er frekar úr rannsóknargögnum. Stjórnendur og Jóhannes Marteinn Jóhannesson jarðfræðingur funduðu á vordögum þar sem verkefnið var metið og möguleikar á framhaldi og nýjungum í samstarfinu.

Skólaþing nemenda

Í Víkurskóla er leitast við að hlusta á raddir og ábendingar nemenda. Liður í því er að halda Skólaþing nemenda annað hvert ár. Niðurstöður eru nýttar í innra mat skólans. Slíkt þing var síðast haldið í nóvember 2023 og því verður þingað aftur næstkomandi haust 2025. Þátttakendur eru nemendur í 5.-10. bekk.

Lokaorð

Hér að framan er rakið það helsta sem unnið var í innra mati Víkurskóla og/eða upplýsingar sem nýst geta til hagsbóta fyrir nemendur og skólasamfélagið.

Víkurskóli sótti um í Sprotasjóð skólaárið 2023-2024 fyrir verkefni á sviði teymiskennslu þvert á aldurstig og á yfirstandandi skólaári var unnið markvisst eftir áætlun verkefnisins. Áfangaskýrslu var skilað í júní 2025 og lokaskýrslu verður skilað eftir ár. Þetta verkefni er öflugt skólaumbótaverkefni sem hefur mikið að segja inn í skólastarfið.

Innleiðing á endurskoðaðri Aðalnámskrá (greinasvið) er hafin og á starfsdögum í júní sl. var farið yfir fyrstu skref innleiðingarinnar. Framhald verður í upphafi næsta skólaárs.

Tilgangur innra mats er fyrst og fremst til að nýta upplýsingar sem stöðugt er aflað til að bæta skólastarfið og gera það faglegra og markvissara. Á skólaárinu 2020-2021 fór fram ytra mat á Víkurskóla. Haustið 2021 skilaði skólinn úrbótaskýrslu til Menntamálastofnunar sem er jafnframt vinnuþætti skólans til þess að vinna áfram markvissar úrbætur á skólastarfinu. Vorið 2025 sendi skólinn inn stöðumat á upphaflegri úrbótaskýrslu og fékk stöðumatið staðfestingu Menntamálastofnunar.

Fylgiskjöl

Kötlumix

Drangamix